

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2015, mánudaginn 14. desember kl. 15:30, var haldinn 135. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson, Sandra Berg Cepero, Bjarni Jónsson, Björn Birgir Þorláksson, Elín Engilbertsdóttir og Sigurður Þórðarson áheyrnafulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Lilja Sigrún Jónsdóttir frá Íbúasamtökum Laugardals, Eyrún Magnúsdóttir frá Ungmennaráði Laugardals, Sigtryggur Jónsson og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri þekkingarmiðstöðvar á PLH sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- 1) Lögð fram umsögn hverfisráðs dags. 14. desember 2015 um drög að skýrslu stýrihóps um leiðakerfisbreytingar vegna alhliða samgöngumiðstöðvar á U-reit sem dags. er í maí 2015. Umsögn hverfisráðs samþykkt. Framkvæmdastjóra falið að koma umsögninni á framfæri við stýrihópinn. Vísað er í fyrri umfjöllun og bókanir um sama mál á síðustu fjórum fundum ráðsins.
- 2) Fundur borgarstjóra 16. nóvember með aðilum úr barna- og æskulýðsstarfi í hverfinu. Góður rómur gerður að þessum fundi þar sem gott samtal fór fram milli borgarstjóra og forsvarsmanna í barna- og æskulýðsstarfi í Laugardal og stjórna foreldrafélaga grunnskólanna. Samþykkt að óska eftir að fá fulltrúa frá ITR á næsta fund hverfisráðs til að ræða aðstöðuleysi innanhússboltaíþróttu í hverfinu.
- 3) Lagðar fram upplýsingar frá USK, dags. 15. október 2015, um skólamál í tengslum við byggingaframkvæmdir í hverfinu og fjölgun skólabarna. Hverfisráð þakkar framlagðar upplýsingar og ítrekar að taka þurfi tillit til ábendinga sem koma fram um að núverandi leik- og grunnskólar rúmi illa þá fjölgun sem reiknað er með.
- 4) Lögð fram styrkumsókn Íbúasamtaka Laugardals, dags. 16. nóvember 2015, vegna þróunar vefsíðu og Facebook kynningar og vegna undirbúnings útimarkaðar. Samþykkt að veita Íbúasamtökum Laugardals kr. 270.000 á grundvelli styrkumsóknar. Ákveðið að fjalla um reglur um úthlutun styrkja úr hverfissjóði á næsta fundi.
- 5) Fundardagar eftir áramótin. Ákveðið að halda fundi hverfisráðs Laugardals fjórða mánudag í mánuði kl.15.30. Fyrsti fundur ársins 2016 verður 25.janúar og síðan 22. febrúar, 4. apríl, 25. apríl, 30. maí.

Fundi slitið kl. 16:00

Heiðar Ingi Svansson (Sign)

Sandra Berg Cepero (Sign)
Elín Engilbertsdóttir (Sign)

Björn Birgir Þorláksson (Sign)
Bjarni Jónsson (Sign)